

Annáll fjármálamarkaða

Apríl 1999 - apríl 2000

Apríl 1999

Hinn 21. apríl birti Seðlabanki Íslands verðbólguþá sem gerði ráð fyrir að meðalhækkun verðlags yrði 2,4% milli árána 1998 og 1999 en hækkun frá upphafi til loka árs 1999 yrði 2,8%. Spáð var að verðlag á öðrum ársfjórðungi myndi hækka um 1,0% eða 4,2% á ársgrundvelli.

Júní 1999

Hinn 21. júní hækkaði Seðlabanki Íslands vexti sína um 0,5 prósentustig.

Hinn 25. júní var gengisskráningarvog breytt í ljósi samsetningar utanríkisviðskipta á árinu 1998.

Hinn 29. júní veitti viðskiptaráðuneytið Verðbréfaþingi Íslands hf. starfsleyfi til kauphallarstarfsemi frá og með 1. júlí 1999.

Bandaríska matsfyrirtækið Moody's Investors Service gaf Búnaðarbanka Íslands hf. einkunnina A3 fyrir langtímaskuldbindingar, Prime-2 fyrir skammtímaskuldbindingar og D fyrir fjárhagslegan styrk.

Júlí 1999

Hinn 22. júlí birti Seðlabanki Íslands verðbólguþá sem gerði ráð fyrir að meðalhækkun verðlags yrði 3,0% milli árána 1998 og 1999 en hækkun frá upphafi til loka árs 1999 yrði 4,0%. Spáð var að verðlag á þriðja ársfjórðungi myndi hækka um 1,3% eða 5,2% á ársgrundvelli.

Ágúst 1999

Útgáfu Economic Statistics var hætt.

September 1999

Útgáfu Hagtalna mánaðarins var hætt. Í stað þeirra og Economic Statistics sem síðast komu út í ágúst ákvað Seðlabanki Íslands að gefa út ársfjórðungsrít á íslensku og ensku, Peningamál og Quarterly Monetary Bulletin, frá nóvember 1999.

Hinn 15. september tilkynnti Lánasýsla ríkisins um

fyrirhuguð uppkaup og fækkun markflokka ríkisverðbréfa.

Hinn 20. og 21. september hækkaði Seðlabanki Íslands vexti sína um 0,6 prósentustig.

Kreditkort hf. fékk starfsleyfi sem lánastofnun á grundvelli laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði (nr. 123/1993).

Október 1999

Hinn 25. október birti Seðlabanki Íslands verðbólguþá sem gerði ráð fyrir að meðalhækkun verðlags yrði 3,3% milli árána 1998 og 1999 en hækkun frá upphafi til loka árs 1999 yrði 4,6%. Spáð var að verðlag á fjórða ársfjórðungi myndi hækka um 1,0% eða 4,1% á ársgrundvelli.

Ríkissjóður seldi 51% hlut sinn í FBA. Söluverðmætið nam 9,7 ma.kr.

Hinn 25. október hóf Seðlabanki Íslands að birta á heimasíðu sinni, www.sedlabanki.is tölfraðilegar upplýsingar um íslenskt efnahagslíf og varða þær einkum þá þætti sem heyra beint undir verksvið bankans. Upplýsingarnar eru uppfærðar vikulega.

Nóvember 1999

Hinn 24. nóvember kom út fyrsta tölublað Peningamála. Peningamál eru gefin út ársfjórðungslega og innihalda umfjöllun um efnahags- og peningamál og þróun á fjármálamarkaði auk greina og talnalegra upplýsinga.

Desember 1999

Í desember fór fram sala á 15% hlut ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Bréfin voru seld með áskriftar- og útboðsfyrirkomulagi. Söluverðmætið nam tæpum 6 ma.kr.

Bandarísku matsfyrirtækin Moody's Investor Service og Standard & Poor's staðfestu mat sitt á lánshæfi íslenska ríkisins. Lánshæfiseinkunnirnar eru Aa3 og

A+ á langtímskuldbindingum og P-1/A-1+ á skammtímskuldbindingum í erlendri mynt. Á skuldbindingar í íslenskum krónum fékk ríkið hæstu einkunn, Aaa frá Moody's og einkunnina AA+ frá Standard & Poor's.

Hinn 8. desember voru samþykkt á Alþingi lög nr. 90/1999 um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum. Ákvæði laganna taka til þeirra greiðslukerfa sem rekin eru hér á landi.

Hinn 21. desember voru samþykkt á Alþingi lög nr. 96/1999 um breytingu á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum. Breytt var 8 gr. laganna, sem fjallar um laust fé, á þann veg að skilgreining á lausu fé lánastofnana var rýmkuð.

Hinn 31. desember tóku gildi nýjar reglur um laust fé bindiskyldra stofnana. Nýju reglurnar byggjast á öðrum grunni en þær eldri og fela í sér að fram fer heildarmat á lausafjáreignum og lausafjárskuldbindingum lánastofnana (sjá lýsingu í ramma á bls. 16).

Janúar 2000

Hinn 1. janúar tóku gildi nýjar reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl. Breytingar voru gerðar á ákvæði um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda lánastofnana. Leyfileg mörk misvægis voru aukin úr 20% í 30% af eigin fé. Ekki voru gerðar breytingar á heimildum til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár eins og stefnt hafði verið að samkvæmt reglum bankans frá júní 1995. Lágmarksbinditími verðtryggðra innlána verður áfram 3 ár og lágmarksbinditími verðtryggðra lána 5 ár.

Hinn 1. janúar tók gildi breyting á lögum nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands og fluttist yfirstjórn bankans frá viðskiptaráðherra til forsætisráðherra.

Hinn 1. janúar fékk Greiðslumiðlun hf. Visa Ísland starfsleyfi sem lánastofnun.

Hinn 12. janúar hækkaði Seðlabanki Íslands vexti sína um 0,8 prósentustig.

Hinn 24. janúar birti Seðlabanki Íslands verðbólgu-spá sem gerði ráð fyrir að meðalhækkun verðlags yrði 5% milli árána 1999 og 2000 en hækkun frá upphafi til loka árs 2000 yrði 3,8%. Spáð var að verðlag á fyrsta ársfjórðungi myndi hækka um 0,9% eða 3,7% á ársgrundvelli.

Febrúar 2000

Hinn 1. febrúar tóku gildi nýjar reglur á millibankamarkaði með krónur. Helstu breytingar eru þær að framvegis skuldbinda markaðsaðilar sig til þess að gera tilboð í tilteknum fjárhæðum með lánstíma til 9 og 12 mánaða. Seðlabanki Íslands mun reikna út og birta REIBOR og REIBID til 9 og 12 mánaða.

Hinn 1. febrúar tóku gildi nýjar reglur um viðskipti Seðlabanka Íslands við bindiskyldar lánastofnanir. Meginbreytingar voru að gildandi ákvæði um leiðréttingar á færslumistökum voru felld inn í reglurnar og að tilkynningar um uppboð endurhverfra viðskipta verða birtar vikulega á mánudagsmorgni í stað föstudagskvölds. Þá bættist við nýr skuldabréfaflokkur SLST023/2 sem er hæfur í viðskiptum við Seðlabankann.

Hinn 3. febrúar veitti alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch IBCA íslenska ríkinu lánshæfismatið AA- fyrir langtímskuldbindingar í erlendri mynt, fyrir skammtímskuldbindingar í erlendri mynt F1+ og fyrir skuldbindingar í innlendri mynt fékk ríkið AAA sem eru hæstu einkunnir sem fyrirtækið gefur.

Hinn 11. febrúar tilkynnti Seðlabanki Íslands hækkun vaxta sinna um 0,3 prósentustig og um víkkun vikmarka gengisstefnunnar úr $\pm 6\%$ í $\pm 9\%$.

Mars 2000

Hinn 21. mars tóku gildi nýjar reglur um viðskipti á millibankamarkaði í íslenskum krónum. Meginbreytingin á reglunum er sú að sett hefur verið hámarks vaxtabil milli inn- og útlána í tilboðum þátttakenda til eins mánaðar og lengri tíma. Hámarkið er 25 punktar. Ekkert hámarksvaxtabil er skilgreint fyrir viðskipti til skemmri tíma.

Hinn 30. mars veitti viðskiptaráðherra FBA starfsleyfi sem viðskiptabanki skv. 4. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði.

Apríl 2000

Hinn 10. apríl var undirrituð samrunaáætlun Íslandsbanka hf. og FBA hf., en stefnt er að því að leggja til við hluthafafundi félaganna tveggja að þau verði sameinuð og stofnað verði nýtt félag undir nafninu Íslandsbanki - FBA hf.